

1874.

19. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um yfirgang enskra fiskimanna.

Útaf því, að kvartað er yfir, að enskir fiskimenn hafi brotið gegn tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl. í Suðurmúla sýslu í norður og austurumdæmi Íslands, hefir landshöfðinginn leidd athygli stjórnarráðsins að því, að það væri æskilegt, að hið danska herskip, sem hefir stöðvar við Ísland, sè látið dvelja um nokkra hríð í Austfjörðum einhvern tíma í ágústm. hvers árs, til þess að hafa gætur á fyrnefndum enskum fiskimönnum, og með því dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti verður að álíta, að með þessu móti verði helzt komið í veg fyrir slíkan yfirgang, verðum vèr mjög að mæla með því, að sjóliðsstjórnin gjöri þessa ráðstöfun, og skal þess jafnframt getið, að það mun nægja, til þess að ná tilganginum, að herskipið taki stöðvar við Austfjörðu 2 eða 3 vikur í ágúst og septbrm., áður en það fer burt frá Íslandi.

Um það, sem afráðið verður útaf þessu, mælumst vèr til að fá skýrslu.¹

26. febrúar.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að bæjarfógetaembættið í Reykjavík skuli sameinað við Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 8. dag desemberm. f. á., hefir hans hátígn konunginum,

¹ Í bréfi 24. febrúar svaraði sjóliðsstjórnin þessu á þá leið, að hún væri fús til þess að verða við áskorun dómsmálastjórnarinnar, að svo miklu leyti, sem unnt væri, með því ferð skipsins væri bundin við 5½ mánuð, en það færi hëðan í öndverðum apríl, og yrði því að hverfa frá Íslandi við lok ágústm., til þess að komast heim í tækan tíma; vegna þessa gæti viðstaða skipsins við Austfjörðu að eins átt sèr stað í ágúst, en eigi í septbr.

1874.

26. febrúar.

samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 31. f. m. allramildilegast að fallast á:

að landfógetaembættið á Íslandi og bæjarfógetaembættið í Reykjavík, sem nú eru sameinuð, skuli að skilin frá 1. júlím. þ. á., og töð bæjarfógetaembætti frá sama tíma sameinað við Gullbringu- og Kjósarsýslu í suðurumdæminu;

að leggja skuli til landfógetaembættisins í árleg laun upphaflega 1600 rd., sem vaxa um 200 rd., fyrir hver 5 ár í embættinu, unz þau eru orðin 2400 rd., í húsaleigustyrk 150 rd. og 500 rd. til skrifstofukostnaðar, auk afnota Orfiriseyjar, og þess gjalds, sem greiðist fyrir að taka við fé í jarðabókarsjóðinn, til þess það verði goldið aptur úr aðalféhirzlunni, — en það skal vera 1 af hverju þúsundi;

að veita skuli hinu sameinada sýslumanns- og bæjarfógetaembætti 300 rd. tillag af landssjóðnum, auk þeirra tekja, sem hingað til hafa verið samfara hvoru embættinu útaf fyrir sig, og sem eigi hafa verið goldnar úr landssjóðnum;

að aldursrættindi Árna kanselliráðs Thorsteinsonar að því leyti, er snertir launaviðbót þá eptir aldri, sem getið var um að framan, skuli talin frá því að honum var veitt það embætti, sem hann nú hefir, og

að það verði tekið fram, er bæjarfógetaembættinu og sýslunni er slegið upp, að sá, sem í hlut á, verði að gangast undir allar þær breytingar, sem kunna að verða gjörðar á embættinu sjálfu, launa gjaldinu og tekjunum.

Auk þessa hefir hans hátign konungurinn allramildilegast samþykkt, að greiða megi úr landssjóðnum gjaldauka þann, sem leiðir af þessu á tímabilinu frá 1. júlí til 31. desbrm. þ. á., og sem er 274 rd. 48 sk.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, eður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, og vísun vèr til stjórnartíðindanna dönsku (*Ministerialtidende*), þar sem auglýst er, að sýslan og bæjarfógetaembættið sè laust.